



Viðtakandi: Aðgengis- og samráðsnefnd
Sendandi: Strætó

Reykjavík, 21. ágúst 2024

MSS23030208

UMSÖGN

Umsögn um tillögu um upplýsingagjöf um aðgengi að strætó og biðstöðvum

Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks þann 30. mars 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga:

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks leggur til að upplýsingar um aðgengileika biðstöðva Strætó verði gerðar aðgengilegar þar sem farþegar geta auðveldlega nálgast þær. Þá leggur nefndin til að hægt verði að sjá á rauntímakorti Strætó hvort vagnar á kortinu séu aðgengilegir eða ekki.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar og Strætó þann sama dag.

Umsögn

Það er ekki til gögn á því formi sem við þurfum vegna aðgengis að stoppustöðvum. Reykjavíkurborg hefur unnið gögn um stoppustöðvar í sínu sveitarfélagi en ekki þannig að hægt sé að tengja það við leiðarvísir Strætó. Okkur er ekki kunnugt um að önnur sveitarfélög hafi tekið saman gögn um aðgengi.

Ef gögn verði tiltækileg fyrir allt höfuðborgarsvæðið og á þannig formi að hægt sé að nýta þau stendur ekki á Strætó að birta það í sínum leiðarvísi.

En allir vagnar Strætó hafa í nokkur ár verið aðgengilegir öllum og útbúnir römpum.



Reykjavík